



Fréttatilkynning

21 July 2025 16:00:00 GMT

Arion banki: Næstu skref í samrunaferli

Kvika banki og Arion banki tilkynntu 6. júlí sl. að stjórnir félaganna hefðu ákveðið að hefja viðræður um sameiningu félaganna og hafa undirritað viljayfirlýsingu þess efnis. Markmiðið með samruna er að sameina krafta félaganna og búa til sterkt fjármálafyrirtæki sem býður heildstæða þjónustu fyrir viðskiptavinum.

Einn stærsti samruni á íslenskum fjármálamarkaði

Þetta er einn umfangsmesti samruni sem ráðist hefur verið í á íslenskum fjármálamarkaði og má gera ráð fyrir að ferlið taki þó nokkurn tíma. Reglulega verður greint frá stöðu mála og framvindu viðræðna eftir því sem við á og ástæða er til.

Fyrstu skrefin eru áreiðanleikakannanir og samrunaviðræður milli félaganna, og er sú vinna þegar hafin. Stefnt er að því að óska eftir forviðræðum við Samkeppniseftirlitið í ágúst, þar sem kynnt verða markmið með samrunanum og sá ávinningur sem mun hljótaskast af honum, bæði fyrir viðskiptavinum og íslenskan fjármálamarkað. Vonast er til að forviðræður, samningagerð og áreiðanleikakannanir klárast á næstu mánuðum. Að því gefnu að forviðræður við Samkeppniseftirlitið gangi vel, verður samruninn tilkynntur formlega til eftirlitsaðila og síðar lagður fyrir hluthafafundi beggja félaga.

Öflugri bankaþjónusta

Ef af samruna Kviku og Arion verður mun það styrkja og efla bankaþjónustu við viðskiptavinum sameinaðs félags – einstaklinga, fyrirtæki og fjárfesta. Við samrunann skapast tækifæri til áhættudreifingar og breiðari tekjumyndunar en hann leiðir ekki síður til aukins hagræðis í starfsemi sameinaðs félags og þar með á íslenskum fjármálamarkaði.

Kvika hefur síðustu ár verið virkur keppinautur á mörkuðum, meðal annars með vörumerkið Auði sem hefur haft mikil áhrif á innlánamarkað og nýlega farið inn á húsnæðislánamarkað með góðum árangri. Eftir sameiningu munu vörumerki félaganna halda áfram að gegna mikilvægu hlutverki fyrir viðskiptavinum.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.



Viðhengi

[Arion banki: Næstu skref í samrunaferli](#)